

**AUGLÝSING****um forkaupsrétt Ísafjarðarkaupstaðar að lóðum og öðrum fasteignum innan kaupstaðarins.**

Samkvæmt heimild í 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, sbr. lög nr. 22/1932, hefur bæjarstjórn Ísafjarðar samþykkt að áskilja Ísafjarðarkaupstað forkaupsrétt að öllum lóðum, jörðum og fasteignum innan marka kaupstaðarins vegna gerðar aðal-skipulags og deiliskipulags einstakra hverfa.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 7. febrúar 1978.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*